

# Aukin eftirspurn eftir sérfræðingum

Skapti Valsson er rafmagnstæknifræðingur að mennt og aðstoðarforstjóri Mannvits. Hann segir námið í rafmagnstæknifræðinni vera nauðsynlegt fyrir samfélagið og eftirspurnin eftir menntuðu fólki á því sviði alltaf að aukast.

„Þetta nám hentaði mér mjög vel. Það er skemmtilegt og krefjandi og gott framhald fyrir iðnaðarmann og rafvirkja,“ segir Skapti. „Ég valdi mér það vegna þess að mér fannst það áhugavert og þekkti til fólks sem hafði farið í það. Í þá daga þurfti maður reyndar að fara erlendis, en í dag er hægt að leggja stund á þetta hérna heima.“

Skapti segir að það sé skortur á rafmagnstæknifræðingum á markaðnum. „Það er alltaf mikil eftirspurn eftir sérhæfðu fólki á þessu sviði,“ segir hann. „Það eru mjög fáir sem útskrifast á hverju ári og eftirspurnin eftir þeim er alltaf að aukast. Sérstaklega eftir þeim sem eru með iðnaðarmannabakgrunn fyrir.“

Námið er að sögn Skapta mjög gott tækifæri og frábært undirbúningsnám fyrir vinnumarkaðinn eða frekara nám. Hann segir kröfuna eftir menntuðum einstaklingum vera alltaf að aukast og fólk vilji almennt meiri menntun. Ef hugurinn stefnir til frekara náms sé um að gera að sérhæfa sig enn frekar eftir rafmagnstæknifræðina.



Skapti Valsson, aðstoðarforstjóri Mannvits, segir vaxandi eftirspurn eftir rafmagnstæknifræðingum. FRETTABLAÐIÐ/STEFAN

Skapti segir einnig að það sé lyklatríði að hafa nóg af fólki í samfélaginu sem er menntað á þessu sviði. „Verkefni sem rafmagnstæknifræðingum stendur til boða eru alltaf að aukast. Verkefni Mannvits eru alltaf að stækka og fjölbreytnin mikil, sem kallar eftir fólki með mismunandi bakgrunn. Þó að vissulega séu aðstæður í samfélaginu í dag að mörgu leyti erfiðar, þá er framtíðin björt,“ segir Skapti.